

Ár 2024, mánudaginn 19. ágúst, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Presti Ríkharðssyni, Gunnari Guðmundssyni og Andra Val Ívarssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 5/2024:

Skjöldur Vatnar Björnsson
gegn
Daníel Hjaltalín Héðinsson

Gögn málsins merkt nr. 1 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Skjöldur Vatnar Björnsson, kt. 090347-2769
Flókagata 62
105 Reykjavík

Kærði:

Daníel Hjaltalín Héðinsson, kt. 200307-2750

Mál þetta var mótttekið af skrifstofu KSÍ 14. júlí sl.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslit í leik Njarðvíkur og Vals/KH í Bikarkeppni 3. flokks karla verði breytt og Val úrskurðaður 0-3 sigur. Fer kærandi einnig fram á að spjöld leiksins verði strokuð út þar sem dómgæslan var ómarktæk.

III.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að leikskýrsla í leik Njarðvíkur og Vals/KH í Bikarkeppni 3. flokks karla fölsuð. Nöfn tveggja aðstoðardómara hafa verið falsaðar á skýrslu. Þeir hafi ekki verið á staðnum. Ekki sé vitað um nafn dómarans, en hugsanlega hafi hann verið húsvörður eða starfsmaður íþróttamiðstöðvar Njarðvíkinga.

Dómari leiksins hafi ekki verið dómari heldur hagsmunagæslumaður Njarðvíkinga og hafi frá upphafi verið ljóst að dómsgæslunni hafi verið ætlað að tryggja Njarðvíkingum sigur í leiknum. Dómarinn hafi haft með sér tvö lítil börn sem aðstoðardómara – sem líklega hafi verið börnin hans sjálfs. Dómari hafi dæmt mjög augljóslega ranglega tvö víti á Val og hið síðara þegar leiktími var runninn út.

IV.

Niðurstaða:

Eftir að kæra hefur borist á skrifstofu KSÍ, skal samkvæmt gr. 7.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, tekið til skoðunar hvort nokkrir þeir formgallar séu á kæru sem varði frávísun hennar áður en málið er tekið til efnismeðferðar á fundi aga- og úrskurðarnefndar.

Samkvæmt gr. 7.1 í fyrrgreindri reglugerð hefur einstaklingur og/eða félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti rétt til að leggja fram kæru til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ.

Í málinu liggur fyrir að kærandi er að því er virðist foreldri leikmanns í umræddum leik og hefur beint kæru sinni gegn dómara leiks Njarðvíkur og Val/KH í Bikarkeppni 3. flokks karla og krefst þess að úrslitum í leiknum verði breytt. Auk þess fer kærandi fram á að spjöld leiksins verði strokuð út þar sem dómgæslan var ómarktæk.

Ekki verður talið að kærandi hafi hagsmuni af meintu broti kærða og því séu skilyrði gr. 7.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál ekki uppfyllt. Þegar af þeirri ástæðu ber að vísa kærunni frá án þess að taka hana til efnislegrar umfjöllunar á vettvangi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ.

V.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá.

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 17.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Þróstur Ríkharðsson [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]

Andri Valur Ívarsson [sign]